


OECD *Multilingual Summaries* International Migration Outlook 2016

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/migr_outlook-2016-en](https://doi.org/10.1787/migr_outlook-2016-en)

Horfur í fólksflutningamálum 2015

Útdráttur á íslensku

Helsta þróun

Varanlegt flæði fólks tók skarpan kipp á OECD svæðinu annað árið í röð samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir 2015. Um 4,8 milljónir manna fluttu varanlega til OECD landa á árinu 2015, nokkuð fleiri en þegar hámarki var náð árið 2007 og er það 10% aukning frá 2014.

Flutningar til fjölskyldusameiningar og frjáls flutningur fólks innan Evrópusambandsins skýra um 30% af varanlegum innflutningi til landa OECD. Flutningar frá Rúmeníu, Búlgaríu, Ítalíu og Frakklandi jukust verulega árið 2014. Einn af hverjum þremur innflytjendum til OECD koma frá öðru OECD landi. Um einn af hverjum tíu sem flytja til landa OECD er kínverskur og einn af hverjum tuttugu er Indverji.

Tímabundinn innflutningur hefur einnig aukist. Árið 2014 fjölgaði tilfærslum starfsfólks sömu fyrirtækja milli landa innan Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um 17% og tilfærslum milli fyrirtækja um 18%. Alþjóðlegar ráðningar árstíðabundins vinnuafis jukust í nokkrum löndum.

Árið 2015 voru 1,65 milljónir nýskráðra hælisleitenda í OECD, sem er met. Nærri 1,3 milljónir þeirra komu til Evrópulanda innan OECD. 25% hælisumsækjenda komu frá Sírylandi en 16% frá Afganistan. Í Þýskalandi voru skráðar 440.000 formlegar umsóknir um hæli árið 2015 og fleiri en milljón forskráningar. Miðað við fólksfjölda bárust flestar umsóknir til Svíþjóðar (1,6%).

Engar meiri háttar breytingar voru gerðar á stefnu OECD varðandi fólksflutningamál á árunum 2015-2016. Árið 2015 tók gildi í Kanada nýtt umsóknarkerfi með umsóknum innflytjenda sem flýja bágð efnahagsástand. Í Evrópu var samþykkt áætlun Evrópusambandsins á sviði fólksflutninga og tók hún gildi 2015 ásamt öðrum ráðstöfunum sem miða að því að bregðast við frumorsökum og ástandinu í kjölfar stórauvinna fólksflutninga og endurskoða samevrópska hæliskerfið. Á árinu 2016 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til breytingar á tilskipuninni um bláa kortið fyrir faglærða verkamenn og skilyrði um störf útsendra starfsmanna innan ESB.

Á árunum 2011-2015 hélst atvinnustig meðal farandfólks stöðugt eða versnaði lítillega í flestum löndum OECD en atvinnuleysi var áfram mikið í mörgum löndum. Að meðaltali eru um 60% innflytjenda í vinnu í löndum OECD (há innfæddum er hlutfallið 64,9%) en atvinnuleysi meðal þeirra er allt að 9,3% (7,3% hjá innfæddum).

Í löndum sem urðu fyrir mestum áhrifum af flóttamannavandanum var hert á áætlunum um aðlögun hælisleitenda og flóttamanna. Útgjöld til menntamála og tungumálakennslu jukust í Austurríki, Finnlandi, Þýskalandi, Noregi og Svíþjóð. Í nokkrum löndum var stytur tíminn til þess að komast inn á vinnumarkaðinn og greitt fyrir aðgengi að tungumálanámi og starfshæfismati.

Staðbundin áhrif fólksflutninga

Mikið af tiltækum gögnum um fólksflutninga byggja á athugunum á landsvísu en mestu áhrif þeirra eru staðbundin. Erfitt er að alhæfa þvert á málaflokka (vinnumarkaðinn, menntamál, heilbrigðismál, húsnæðismál o.s.frv.) en staðbundin áhrif ráðast yfirleitt af félagslegum og efnahagslegum aðstæðum innflytjendanna. Til að mynda benda fyrirbyggjandi gögn til þess að innflytjendur sækji minna í heilbrigðisþjónustu en innfæddir, en noti oftarmenningssamgöngur. Í skólum þurfa börn innflytjenda, einkum nýkominna, oft meiri stuðning og kostnaður af þeim er því meiri á hvern einstakling, einkum vegna tungumálakennslu.

Mikill og skyndilegur innflutningur fólks getur aukið á langvarandi skipulagsvanda sveitarfélaga og aðlögun að aukinni eftirspurn getur tekið tíma. Að viðurkenna að fólksflutningar eru ekki frumorsök slíkra vandkvæða er mikilvægt fyrsta skref til í áttina að því að sætta almenningssálitið, sem oft er neikvætt, við raunverulegar staðreyndir.

Umhverfisáfall og landfræðileg og pólitísk áfall

Landfræðipólitísk áfall og umhverfisáfall eru oft sett í samhengi við miklar bylgjur innflytjenda, sem geta valdið miklu álagi á réttar- og verndarkerfi.

Reynslan sýnir að lönd innan OECD nota tímabundin mannúðarúrræði þegar um er að ræða fólk frá löndum þar sem styrjaldarástand ríkir eða náttúruhamfarir. Í sumum löndum OECD eru reknar býsna viðamiklar viðreisnaráætlanir til að bregðast við landfræðilegum og pólitískum áföllum, en tímabundin vernd er enn algengasta form viðbragða við skyndilegri fjölgun hælisleitenda, þar með talið þeirri fjölgun sem nú stendur yfir. Önnur úrræði á borð við aðstoð við atvinnuleit, nám og fjölskyldumál, eða vegabréfsáritanir af mannúðarástæðum, svo og áætlanir um stuðning einkaaðila, eru ekki hluti af hefðbundnum viðbrögðum við aukningu í fjölda innflytjenda, þar með talið í þeim flóttamannavanda sem nú stendur yfir.

Í horfum þessa árs er lögð áhersla á að ekki er hægt að ganga út frá alþjóðlegri samvinnu sem vísri. Langvarandi neyðarástand veldur vaxandi spennu milli þarfarinnar á varanlegum lausnum og þess að almennt er meiri vilji fyrir skammtímalausnum. Einnig þarf að endurhugsa val á fólki, sem er sameiginlegt einkenni flestra kerfa í þessum efnunum, í samhengi við alþjóðlegt verndarkerfi.

Helstu niðurstöður

Fólksflutningar eru að aukast og eru komnir á sama stig og var fyrir efnahagshrunið.

- Varanlegt flæði innflytjenda til landa OECD nam 4,3 milljónum koma á árinu 2014 (+4% í samanburði við 2013). Samkvæmt bráðabirgðatölum hefur flæðið aukist um 10% á árinu 2015.
- Í löndum OECD bjuggu 120 milljónir manna sem fæddir voru í öðrum löndum.
- Árið 2015 voru skráðar 1,65 milljónir umsókna um hæli, sem er tvöfalt meira en á árunum 2014 og 1992.
- Árið 2013 voru nærri 3 milljónir erlendra nemenda í löndum OECD, 23% frá Kína.

Ekki ætti að vanmeta staðbundin áhrif fólksflutninga

- Í öllum ríkjum OECD safnast innflytjendur fyrir í þéttbýli.
- Áhrif á samfélagsinnviði og þjónustu velta á eiginleikum innflytjendanna í samanburði við innfædda og á þeirri opinberu þjónustu og innviðum sem um ræðir. Mikið innflæði getur haft í för með sér álag á innviði viðkomandi sveitarfélags. En þótt aðflutt fólk kunni að auka á skipulagsleg vandamál, einkum að því er varðar húsnæði og menntun, er það yfirleitt ekki rót vandans.

Bæta mætti stefnu í innflytjendamálum til að bregðast betur við álagi af pólitískum og náttúrulegum völdum

- Alþjóðlegir samningar um viðbrögð við fólksflutningum af völdum áfalla eru af skornum skammti.

- Þótt það geti verið erfiðleikum bundið að taka upp nýjar aðferðir varðandi flóttafólk kann ávinningurinn að því er varðar fjölda þeirra sem njóta góðs af að vera mikilvægur, sbr. vandann í Sýrlandi.
- Á OECD svæðinu voru gefin út 18,200 atvinnuleyfi til Sýrlendinga (meira en 2 milljónir Sýrlendinga á aldrinum 18 til 59 voru hraktir til nágrannalanda) á síðustu fimm árum og um 15,300 Sýrlenskum ungmennum var úthlutað vegabréfsáritunum til náms í OECD löndum (innan við 10% vegalausra sýrlenskra háskólanema) og fleiri en 72,000 Sýrlendingar voru sameinaðir fjölskyldum sínum.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2016), *International Migration Outlook 2016*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/migr_outlook-2016-en